



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veidínýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Þórarinn Þorgeirsson ritari  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 4.3. 2001  
*Alþingi*  
*Erindi nr. P 126/1388*  
*komudagur 6.3.2001*

## Umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði 389. mál. og um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar 361. mál.

Það er álit Veidimálastofnunar að fyrra frumvarpið sé til þess fallið að styrkja lög in einkum hvað varðar möguleika á að stýra laxeldi á þann hátt að það geti starfað í sem mestri sátt við náttúru landsins og veiðihagsmunum. Þó eru nokkur atriði sem betur mega fara.

Í 3.gr frumvarpsins er gerð breyting á 62. gr laganna. Eðlilegt er að ráðherra leiti eftir almennri umsögn til Veidimálastofnunar líkt og til hinna aðilanna sem upp eru taldir, líkt og leitað er eftir umsögn Hafrannsóknarstofnunar um eldi nytjastofna sjávar (3.gr. þess frumvarps). Rétt er að Landbúnaðarráðherra leiti einnig til Veidimálastofnunar um vistfræðileg áhrif en ekki eingöngu um erfðablöndun. Vistfræðileg áhrif geta verið umtalsverð og Veidimálastofnun er sú rannsóknastofnun sem býr yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og er rétt að nýta þá þekkingu sem best. Því er lagt til að á eftir síðasta orðinu í 1. mgr. komi ....gefi tilefni til hættu á erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

Í 5.gr frumvarpsins er gerð tillaga um 76. gr. 3. mgr. og vantar þar einnig að Veidimálastjóri leiti til Veidimálastofnunar um vistfræðileg áhrif. Því bætist við greinina á eftir ....erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.

Í 7. gr frumvarpsins er gerð tillaga að fiskeldisnefnd. Ósamræmi gætir um skipan nefndarinnar. Nefndin fer með stefnumótunarhlutverk auk þess að vera ráðherrum landbúnaðarmála og sjárútsvegs til ráðgjafar. Því er eðlilegra að Veidimálastofnun tilnefni mann í nefndina líkt og Hafrannsóknarstofnun. Ef embættismenn eiga að fá sæti í nefndinni væri eðlilegt að Fiskistofa tilnefndi mann í nefndina í stað Hafrannsóknarstofnunar. En hlutverk nefndarinnar er skilgreint með þeim hætti að eðlilegra er að rannsóknastofnanir komi að málum. Sama breyting þarf að eiga sér stað í frumvarpi um eldi nytjastofna sjávar 4.gr.

Að þessum breytingum telur stofnunin að frumvörpin eigi að verða að lögum.

Virðingarfyllt

Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður